

REYKHÓLASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA
SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

JÚNÍ 2016

ÁRSSKÝRSLA REYKHÓLASKÓLA SKÓLAÁRÍÐ 2016-2017
JÚNÍ 2017

ÚTGEFANDI: REYKHÓLASKÓLI
SKÓLABRAUT 1
380 REYKHÓLAHREPPUR
SÍMI 434 7731
NETFANG skolastjori@reykholar.is
VEFFANG www.reykholaskoli.is

1. FORMÁLI

Ársskýrsla Reykhólaskóla kemur nú út í sjöunda sinn. Markmið með útgáfu hennar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Reykhólaskóla ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans (www.reykholaskoli.is) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps, stjórnar foreldrafélagsins, skrifstofu sveitarstjórnar og bókasafns Reykhólaskóla og einnig mun hún liggja frammi á kaffistofu starfsmanna skólans. Skýrslan er einnig gefin út á rafrænu formi og þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri.

Efnisyfirlit

2. INNGANGUR

Starfið hófst með starfsdögum hjá starfsmönnum leikskólans 12. ágúst. Nýr deildarstjóri tók við, Birgitta Jónasdóttir á meðan Sigrún Kristjánsdóttir er í fæðingarorlofi. Nemendur í leikskóladeild mættu 13. ágúst. Starfsmenn grunnskólans mættu í grunnskólann 15. ágúst þar sem starf vetrarins var undirbúið. Skólasetning var mánudaginn 22. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Skóli hófst samkvæmt stundaskrá strax að lokinni setningu.

Í grunnskóladeild starfa fjórir grunnskólakennarar ásamt skólastjóra, þar af einn sérkennari, þrír leiðbeinendur, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari í hálfu starfi, tómsfundafulltrúi í hlutastarfi, fjórir stuðningsfulltrúar og tveir skólaliðar. Á leikskóladeildinni starfa fimm starfsmenn, einn leikskólakennari og fjórir leiðbeinendur.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir er staðgengill skólastjóra meðan grunnskólinn er starfræktur og Birgitta Jónasdóttir deildarstjóri er staðgengill skólastjóra meðan grunnskóli er lokaður.

3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, staðgengill skólastjóra

Birgitta Jónasdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar janúar til júní

3.2 SKÓLARÁÐ

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Áslaug Berta Guttormsdóttir, grunnskólakennari

Rebekka Eiríksdóttir, leiðbeinandi grunnskóla

Friðrún Hadda Gestsdóttir, stuðningsfulltrúi

Ágústa Kristín Bragadóttir, leiðbeinandi í leikskóla

Steinunn Lilja Torfadóttir, nemandi í 9. bekk

Solveig Rúna Eiríksdóttir, nemandi í 8. bekk

Helga Garðarsdóttir, fulltrúi foreldra

Ingibjörg Smáradóttir, fulltrúi foreldra

3.3 FORELDRAFÉLAG LEIK- OG GRUNNSKÓLADEILDAR

Agnieszka Anna M. Kowalczyk

Sigrún Kristjánsdóttir

Auður Arnarsdóttir

3.4 NEMENDAVERNDARRÁÐ

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Áslaug Berta Guttormsdóttir, sérkennari

Helga Garðarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri Reykhólahrepps

3.5 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Brynjólfur Brynjólfsson, sálfræðingur

Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur

3.6 NEMENDAFJÖLDI

Í upphafi skólaárs voru nemendur leikskóladeildar 18 talsins, 9 stelpur og 9 strákar. Eftir áramótin bættust í hópinn 1 stelpa og voru nemendur orðnir 19 í leikskólanum um áramótin. Einnig bættust 1 stelpa og 1 strákur við í maí/júní.

Nemendum í grunnskóladeildinni voru við upphaf skólaárs 49 samtals. Um áramótin fjölgaði nemendum 2 og voru útskrifaðir úr skólanum 51 nemandi. Í skólanum voru 24 stelpur og 27 strákar

Nemendur þetta skólaár voru alls 70.

Tafla 1 sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs 2017. Tafla 2 sýnir sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar eftir hópi, aldri og kyni. Áætlað er að nemendafjöldi næsta skólaár verði 47 í grunnskóladeild og 17 í leikskóladeild.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar vorið 2017.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónarkennari
1.	3	0	3	Steinunn Ó. Rasmus
2.	7	2	5	Steinunn Ó. Rasmus
3.	4	2	2	Steinunn Ó. Rasmus
4.	7	5	2	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
5.	5	3	2	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
6.	4	3	1	Áslaug B. Guttormsdóttir
7.	6	5	1	Áslaug Guttormsdóttir

8.	3	2	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir
9.	9	3	6	Svanborg Guðbjörnsdóttir
10.	3	2	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir

Tafla 2: Sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar vorið 2017.

Árgangur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Deild	Hópstjóri
2015	4	3	1	Yngri	Íris Ósk Sigbórsdóttir
2014	3	0	3	Yngri	Íris Ósk Sigbórsdóttir
2013	5	2	3	Yngri	Birgitta Jónasóttir
2012	4	1	3	Eldri	Ágústa Bragadóttir
2011	3	3	0	Eldri	Ágústa Bragadóttir

3.7 SKÓLALÓÐ

Lóðin í kringum skólann er enn í vinnslu. Fyrsti áfangi lóðarinnar var tekin í gagnið haustið 2015. Gervigrasvöllur eru til staðar og verið er að undirbúa fótboltagrasvöll. Fyrir framan skólann (sunnanverðu) er búið að taka niður leiktæki og verða þau flutt í Kvenfélagsgarðinn, Einnig er verið að lagafæra bílastæði fyrir framan skólann.

Ekkert hefur verið unnið í leikskólalóðinni í vetur, en hún þarfnast útbóta, auk þess sem girðing í kringum lóðina er ekki nægjanlega barnheld. R

3.8 SKÓLAAKSTUR

Átján nemendur grunnskóladeildar og sjö nemendur leikskóladeildar koma og fara með skólabílum. Akstursleiðir eru þrjár: Gufudalur, Innsveitin og Reykjanesið. Skólabílstjórar eru Þráinn Hjálmarsson (Gufudalur), Vilberg Þráinsson (Innsveitin),

Rebekka Eiríksdóttir (Staður) og Ingibjörg Smáradóttir (Klettaborg). Nemendum leikskóladeildar stóð til boða að þiggja laus sæti í skólabílnum.

Tafla 3: Fjöldi nemenda sem koma og fara með skólabíl.

Leið	Fjöldi	Grunnskóladeild	Leikskóladeild	Bílstjóri
Gufudalur	10	7	3	Práinn Hjálmarsson
Innsveit	11	7	4	Vilberg Þránínsson
Staður	2	2	0	Rebekka Eiríksdóttir
Klettaborg	2	2	0	Ingibjörg Smárad.

3.9 BÓKASAFN REYKHÓLASKÓLA

Reykhólaskóli tók við umsjón með bókasafni Reykhólahrepps. Herdís Erna Matthíasdóttir skólaliði hefur haft yfirumsjón með safninu. Safnið er opið þrisvar í viku. Á mánudögum frá 15:00 – 17:00, þriðjudagar frá 09:10 – 09:50 og á miðvikudögum frá 10:00 – 10:40. Safnið hefur verið öllum opið á þessum tímum. Aðsók skólabarna hefur verið góð en íbúar hreppsins eru ekki jafn bókhneigðir. Tölvukerfið gegnir er notað á bókasafninu.

3.10 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Við í Reykhólaskóla leggjum mikla áherslu á að vinna og læra í góðum tengslum við náttúruna og nærumhverfið, enda er Reykhólaskóli „skóli á grænni grein“.

Við leggjum okkur fram við að skapa andrúmsloft og umhverfi þar sem nemendum líði vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi. Við leggjum áherslu á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms eins og mögulegt

er, jafnframt því að samvinna og jákvæðni séu aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans. Kjörorð skólans er „Vilji er vegur“.

Nemendur í skólahópi hafa komið 5 sinnum í viku í kennslu með 1. 2. og 3. bekk, þrisvar sinnum í bóklega tíma og tvisvar í íþróttir. Nemendur í unglingadeild hafa verið duglegir að fara í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörn. Nemendur í 1. bekk hafa farið í heimsókn í leikskólann einu sinni í viku í vetur.

3.11 FJÖLGREINDARLEIKAR REYKHÓLASKÓLA

Þetta er byggt á fjölgreindarkenningu Howards Garners, en hann skiptir mannlegri greind upp í 8 greindir. Það eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, líkams- og hreyfigreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Oft er líka talað um níundu greindina, en það er tilfinningagreind. Leikarnir felast í því að settar eru upp stöðvar þar sem nemendur nota eina til tvær greindir á hverri stöð. Skipt var upp í 11 mismunandi stöðvar þar sem nemendur reyndu á mismunandi þætti, sem voru tennis, minute to win it, hark, bingó, orðaleikir og ljóð, hvernig er ég, heilaleikfimi, fjöltefli, rappaðu ljóð og frisbí golf. Nemendum var skipt í 11 hópa, 4-5 í hverjum hópi. Nemendur unnu í 15 mínútur á hverri stöð. Afrasksturinn var síðan sýndur í lok dags og myndir af leikunum eru á fésbókarsíðu skólans. Leikarnir voru haldnir síðasta skóladaginn, þann 18. maí.

3.12 LÆSISSTEFNA REYKHÓLASKÓLA

Læsisstefna skólans var endurskoðuð í vetur þar sem kröfurnar sem gerðar voru voru ekki í samræmi við stefnu skólans. Nemendur hafa verið prófaðir þrisvar sinnum í vetur og hafa Ásta Sjöfn skólastjóri og Andrea Þroskaþjálfari séð um prófin og úrvinnslu þeirra. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar séu duglegir að lesa heima og muna að sumarfrí þýðir ekki frí frá lestri.

Hægt er að nálgast læsisstefnuna á netinu.

3.13 ENDURMENNTUN STARFSMANNA

Til að gera gott skólastarf enn betra er mikilvægt að gefa starfsfólki kost á að taka þátt í allskyns námskeiðum og skólaheimsóknum. Mikilvægt er að starfsmenn eigi kost á að fara í endurmenntun. Starfsfólki skólans stóð til boða að fara á fjögur námskeið á vegum skólans. Einnig ef starfsmenn sjá eitthvað heillandi þá eru þeir hvattir til að fara á slíkt námskeið og er reynt að greiða leið þeirra til þess að komast.

Tölvunámskeið.

Í byrjun skólaárs stóð ófaglærðum starfsmönnum kostur á að fara á tölvunámskeið þar sem farið var yfir grunnatrið í tölvum.

Samskipti á vinnustað og jákvætt hugarfar.

Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Ísafirði kom og var með fyrirlestur um Á námskeiðinu verður lögð áhersla á, góðan starfsanda og mikilvægi hans, rætt um virðingu og traust á vinnustaðnum og hvernig á að takast á við neikvæðni.

Sorg og sorgarferli.

Hildur Björk Hörpudóttir var með námskeið um sorg og sorgarviðbrögð.

Lubbi og málbeinið.

Starfsmenn leikskólans fóru á námskeið á Hól mavík um Lubba og málbeinið og í kjölfarið var startpakinn keyptur.

Einelti og hegðun.

Kristín Lillendal frá erindi.is kom og var með fyrirlestur um einelti í unglिंगadeildinni. Í framhaldi af því var fyrirlestur fyrir foreldra og síðan starfsfólk.

Önnur námskeið sem starfsmenn fóru á var:

- Lego education.
- Grunnnámskeið í einhverfu.

- Hvernig er hægt að notfæra sér tölvur fyrir lesblinda.
- Hlutverk 5 ára barna í skólakerfinu.

3.14 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólstarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

Tafla 4: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	100,00%

Tafla 5: Skipting námsgreina skólaárið 2014-2015 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	7	7	7	7	6	6	6	6	6	6
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Danska	0	0	0	0	0	0	2	3	3	3
Enska	1	1	1	1	3	3	4	4	4	4
Samfélagsfræði	3	3	3	3	4	4	3	3	3	3
Náttúrufræði	2	2	2	2	4	4	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Hönnun og smíði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Textíl	1	1	1	1	2	2	2	2	2	2
Myndmennt	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Tónmennt	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0
Val	1	1	1	1	1	1	1	2	2	2
Samtals	30	30	30	30	36	36	35	37	37	37
Viðmið	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

Nemendur í 1. bekk voru þrír, allt stúlkur. Samkennsla var með 2. og 3. bekk. Nemendur voru alls 14 í þremur árgöngum og því var ákveðið að tveir kennarar kenndu hópnum, Hrefna Jónsdóttir, leiðbeinandi og Steinunn Ó. Rasmus, umsjónarkennari. Þær kenndu saman íslensku, stærðfræði. Hrefna kenndi samfélagsfræði, ensku og tónmennt, Steinunn kenndi náttúrufræði og textíl. Bryndís Soffía kenndi heimilisfræði og upplýsingatækni, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndu íþróttir og sund. Í lok janúar fór Hrefna í barnseignarfrí og Bryndís Soffía kom inn í kennslu í stað hennar, en Steinunn tók samfélagsfræðina, Soffía enskuna og Bergþór tónmenntina.

4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað var um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Stafainnlögn var að mestu lokið í lok janúar. Þá voru nemendur almennt orðnir mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum og komnir vel á veg. Í lestrarkennslunni var stuðst við námsefnið Listin að lesa og skrifa, leshefti og vinnubækur, ásamt ýmsum heimatilbúnum stafa- og hljóðgreiningarheftum. Lestraráttakinu „Allir lesa“ var vel tekið og hafði mjög hvetjandi áhrif á nemendur, sem tóku virkan þátt, bæði heima og í skólanum. Einnig tóku nemendur þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns. Sögugerð var að jafnaði einu sinni í viku og í skrift var notuð forskrift frá kennara.

Grunnefni í stærðfræði var Sproti 1a og 1b og sumir nemendur byrjuðu á Sprotu 2a. Einnig var notað gamalt efni sem hentaði hverjum og einum og hver og einn vann á sínu getu- og hraðastigi.

Námsefnið í íslensku og stærðfræði var einstaklingsmiðað og því var hver nemandi að vinna á sínu getustigi og hraða. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang, en náttúrufræðin og samfélagsfræðin voru tvinnar inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu hverju sinni.

4.2 NÁMSMAT

Námsmat var í lok hvorrar annar, þar sem nemendur fengu umsögn, en að vori var einnig gefin einkunn í lestri. Lesferli var lagt fyrir tvisvar yfir veturinn.

Steinunn Ólafía Rasmus.

5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

Nemendur í 2. bekk voru sjö, 2 strákar og 5 stúlkur. Nemendur í 3. bekk voru fjórir, 2 strákar og 2 stúlkur og samkennsla með 1. og 3. bekk. Annar strákanna í 3. bekk hætti í apríl.

Nemendur voru alls 14 í upphafi vetrar í þremur árgöngum og því var ákveðið að tveir kennarar kenndu hópnun, Hrefna Jónsdóttir, leiðbeinandi og Steinunn Ó. Rasmus, umsjónarkennari. Þær kenndu saman íslensku, stærðfræði. Hrefna kenndi samfélagsfræði, ensku og tónmennt, Steinunn kenndi náttúrufræði og textíl. Bryndís Soffía kenndi heimilisfræði og upplýsingatækni, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndu íþróttir og sund. Í lok janúar fór Hrefna í barnseignarfrí og Bryndís Soffía kom inn í kennslu í stað hennar, en Steinunn tók samfélagsfræðina, Soffía enskuna og Bergþór tónmenntina.

5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Námið var einstaklingsmiðað í íslensku og stærðfræði, þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Lestur var daglega og ýmis verkefni í íslensku þar sem hver vann á sínu getustigi. Lestraráttakinu „Allir lesa“ var vel tekið og hafði mjög hvetjandi áhrif á nemendur, sem tóku virkan þátt, bæði heima og í skólanum. Einnig tóku nemendur þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns. Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang á annað, en samfélagsfræðin og náttúrufræðin voru tvínaðar inn í kennsluna eftir því

sem áhugi og aðstæður buðu upp á hverju sinni. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Grunnnámsefni í stærðfræði var Sproti 2a og 2b í öðrum bekk og Sproti 3a og 3b í þriðja bekk

Skriftarefni var frá Námsgagnastofnun, þ.e. skrift 1 og 2, ásamt forskrift kennara. Í 2. bekk byrjuðu allir á Ritrún 1 og luku flestir henni. Ritrún 2 var í 3. bekk og luku flestir henni.

5.2 NÁMSMAT

Námsmat fór fram í lok hvorrar annar, þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Hraðlestrarpróf voru í lok hvorrar annar. Lesferli var lagt fyrir þrisvar yfir veturinn.

Steinunn Ólafía Rasmus.

6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR

Nemendur í 4. bekk voru samtals 7. Kynjaskiptingin var 2 stúlkur og 5 drengir. 4. bekkur var í samkenndu með 5. bekk.

Umsjónarkennari hópsins var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, íþróttir og sund. Stuðningsfulltrúar voru Dís Guðrún Sværissdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir. Áslaug Berta Guttormsdóttir kenndi ensku, Ása Fossdal kenndi heimilisfræði, Bergþór Olivert Thorstensen kenndi tónmennt, Bryndís Soffía sá um val, Rebekka Eiríksdóttir kenndi upplýsingamennt, myndmennt, smíði og val, Steinunn Rasmus sá um textílkennslu og val, Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi samfélagsfræði, íþróttir og val. Katla Sólborg Friðriksdóttir sá um heimanámstíma einu sinni í viku. Sérkennsla var í höndum Andreu Björnsdóttur þroskaþjálfara og Söndru Rúnar Björnsdóttur iðjuþjálfara.

6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Á hverjum morgni var setið í heimakrók og lesin saga fyrir nemendurnar. Þar fóru einnig fram kynningar á viðfangsefnum og farið yfir ýmis mál.

Kenntuáættingar voru einstaklingsmiðaðar, þar sem allir voru með námsefni við hæfi og hver vann á sínum hraða. Áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Í janúar tókum við þátt í lestrarátakinu „Allir lesa“ og stóðum okkur mjög vel. Nemendur lásu í lestrarbókum fyrir kennara/stuðningsfulltrúa einu sinni á dag. Unnið var í vinnubókum og öðrum völdum verkefnum frá kennara. Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel.

Námsmat var í janúar sem byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum og könnunum og í maí í lok skólaárs.

Bekkjarkvöld var á haustönn þar sem nemendur buðu foreldrum sínum. Spiluð var félagsvist og boðið upp á veitingar.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir.

7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR

Nemendur í 5. bekk voru samtals 5. Kynjaskiptingin var 2 stúlkur og 3 drengir. 5. bekkur var í samkenndu með 4. bekk.

Umsjónarkennari hópsins var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, íþróttir og sund. Stuðningsfulltrúar með 4. bekk voru Díska Guðrún Sverrisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir. Áslaug Berta Guttormsdóttir kenndi ensku, Ása Fossdal kenndi heimilisfræði, Bergþór Olivert Thorstensen kenndi tónmennt, Bryndís Soffía sá um val, Rebekka Eiríksdóttir kenndi upplýsingamennt, myndmennt, smíði og val, Steinunn Rasmus sá um textílkennslu og val, Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi samfélagsfræði, íþróttir og val. Katla Sólborg Friðriksdóttir sá um heimanámstíma einu sinni í viku. Sérkenndu var í höndum Andreu Björnsdóttur þroskaþjálfara og Söndru Rúnar Björnsdóttur iðjuþjálfara.

7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Á hverjum morgni var setið í heimakrök og lesin saga fyrir nemendurnar. Þar fóru einnig fram kynningar á viðfangsefnum og farið yfir ýmis mál.

Kenndu hættir voru einstaklingsmiðaðar, þar sem allir voru með námsefni við hæfi og hver vann á sínum hraða. Áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Í janúar tókum við þátt í lestrarátakinu „Allir lesa“ og stóðum okkur mjög vel. Nemendur lásu í lestrarbókum fyrir kennara/stuðningsfulltrúa einu sinni á dag. Unnið var í vinnubókum og öðrum völdum verkefnum frá kennara. Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel.

Námamat var í janúar sem byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum og könnunum og í maí í lok skólaárs.

Bekkjarkvöld var á haustönn þar sem nemendur buðu foreldrum sínum. Spiluð var félagsvist og boðið upp á veitingar.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir.

8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6.-7. BEKKJAR

Nemendur í 6.-7. bekk voru 9 við upphaf skólaárs en fjölgaði fljótlega um einn, þannig að lengst af vetri voru þeir samtals 10. Skipting milli bekkja var þannig að 4 nemendur voru í 6. bekk en nemendur í 7. bekk voru 6 talsins.

Umsjónarkennari var Áslaug Berta Guttormsdóttir, sem kenndi stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Einnig var hún með einn bekkjartíma á mánudögum sem nýttist vel til að fara yfir málefni bekkjanna á bekkjafundum en stundum var spilað og farið í leiki. Hrefna Jónsdóttir kenndi samfélagsfræði og upplýsingatækni á haustönn, eða þar til hún fór í barnseignarleyfi, en þá tók Rebekka Eiríksdóttir við keflinu. Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi íþróttir á mótí Kolfinnu Ýr Ingólfsdóttur sem einnig kenndi sund. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt á skólaárinu og smíði á vorönn en bætti einnig við sig kennslu Hrefnu á vorönn eins og áður segir. Ása Fossdal kenndi heimilisfræði á haustönn. Steinunn Rasmus kenndi textílmennt á skólaárinu og náttúrufræði á haustönn en Bergþór Thorstensen tók við náttúrufræðinni á vorönn.

Stuðningsfulltrúi var Indiana Ólafsdóttir og var hún nánast alfarið inni í bekk en tók nemendur út í lestrarþjálfun. Einnig voru nemendur teknir út úr tímum til að þjálfva lestur sérstaklega og sáu Andrea Björnsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir um kennsluna.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámsskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og jafnframt að nýta fámenni bekkjarins til þess að einstaklingsmiða námið og sníða það að þörfum hvers og eins. Reynt var að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Kennari bjó einnig til hóp fyrir foreldra á Facebook og kom þannig til skila mikilvægum upplýsingum, bæði um nám og tómstundir. Foreldrar sem ekki voru með Facebook fengu sömu skilaboð send með tölvupósti. Fyrirkomulagið gafst mjög vel.

8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu; innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsmiðað nám. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögn á töflu, samvinnunám, lausnleitarnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

8.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, veggspjöldum, virkni í kennslustundum, kaflaprófum og formlegum annarprófum.

8.4 VIÐBURÐIR

Nemendur í 7. bekk tóku samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði 22.-23. september.

Félagsstarf fyrir krakkana var í hverri viku, þar sem ýmislegt var gert til skemmtunar. Umsjónarmaður var Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Bryndís Jónsdóttir.

Stóra upplestrarkeppnin fyrir 7. bekk var haldin á Reykhólum 30. mars. Frá Reykhólaskóla kepptu allir nemendur í 7. bekk og er skemmst frá því að segja að Reykhólaskóli hreppti 1. og 3. verðlaun. Sara Dögg Eyvindsdóttir var í 1. sæti og Adrian Kowalczyk var í 3. sæti.

Þá fóru nemendur í 7. bekk í Skólabúðirnar að Reykjum í 23.-27. janúar og var Indiana Ólafsdóttir bæði bílstjóri í ferðinni og starfsmaður Reykhólaskóla í búðunum.

Þann 16. febrúar tóku nemendur í 6.-7. bekk þátt í Krakkafréttum og sáu um Krakkasvarið en þau svöruðu spurningunni „Hvað fáum við út úr því að ferðast?“ og tókst vel til við myndbandið sem sent var til RÚV.

Í vor fór 6.-7. bekkur fór í skólaferðalag um Suðurlandið 19.-20. maí, ásamt 5. bekk, og verður ferðinni nánar lýst í kaflanum *Ferðalög á vegum Reykhólaskóla*.

Á vorönn var stofnaður vinahópur að beiðni nemenda, þ.e. hver nemandi bauð hópnum heim eða á einhvern skipulagðan viðburð og sáu foreldrar alfarið um framkvæmdina en umsjónarkennari um skipulagið. Viðburðir voru margs konar; s.s. pizzukvöld, „bíókvöld“ þar sem horft var á videómynd, sundlaugarpartý og svaðilsför niður að Langavatni.

Áslaug Berta Guttormsdóttir.

9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8.-10. BEKKJAR

Nemendur í 8. – 10.bekk voru 14 fram að áramótum, 3 nemendur í 10.bekk , 8 nemendur í 9.bekk og 3 nemendur í 8.bekk. Eftir áramót bættist einn nemandi við í 9.bekk og voru þau þá orðin 15 talsins.

Kennarar bekkjarins voru Svanborg Guðbjörnsdóttir umsjónarkennari sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og íþróttir. Einnig var einn umsjónartími sem notaður var í bekkjarfundi, heimanám o.fl. Áslaug B.Guttormsdóttir kenndi dönsku og ensku. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi náttúrufræði, sund og íþróttir. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði. Jóhanna Ösp Einarsdóttir kenndi heimilisfræði og lífsleikni fyrir áramót. Eftir áramót tók Vilborg Ása Fossdal við heimilisfræðikennslunni. Steinunn Ó.Rasmus kenndi textíl. Nemendur fengu einn tíma í val á viku og kennarar sem kenndu þar voru Svanborg, Steinunn, Bergþór, Bryndís og Rebekka.

Um áramótin var Bergþór O.Thorstensen ráðinn sem annar kennari hjá hópnum og kenndi íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og náttúrufræði. Stuðningsfulltrúi var Katla Sólborg Friðriksdóttir.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og fámenni hópsins nýtt í að einstaklingsmiða námið og sníða að þörfum hvers og eins. Reynt að nota fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í nóvember og febrúar.

9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu að einhverju leyti – innlög, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð en einnig voru unnin hópaverkefni sem byggja á samvinnu

nemenda við að leysa verkefni með hinum ýmsu aðferðum og hjálpartækjum s.s.tölvum.

9.3 NÁMSMAT

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, vinnubókum, verkefnaskilum og kaflaprófum. Einnig var metið í fyrsta skipti eftir nýjum matsviðmiðum fyrir 10. bekk.

9.4 VIÐBURÐIR

Farið var með hópinn til Hólmavíkur 13.október á fyrirlestur sem kallaðist Fjármálavit.

Haldið var bekkjarkvöld í nóvember þar sem nemendur höfðu skipulagt leiki í íþróttasalnum. Foreldrum boðið og allir mættu með eitthvað á hlaðborð.

Nemendur í 8. – 10. bekk tóku þátt í smiðjuhelgum sem voru tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn.

Einnig var farið á nokkra dansleiki utan sveitarfélagsins.

9. bekkur fór í ungmennabúðir að Laugum 17. – 21.október.

9.- 10.bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði dagana 7. – 10.mars.

Félagsstarf fyrir krakkana var í hverri viku, þar sem ýmislegt var gert sér til skemmtunar. Jóhanna Ö.Einarsdóttir skipulagði og hafði umsjón með því fram að áramótum en þá tók Bryndís Soffía Jónsdóttir við.

Svanborg Guðbjörnsdóttir

10. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

Samkennsla var hjá 5 ára nemendum og 1.-3. bekk, 4.-5. bekk, 6.- 7. bekk og 8.-10. bekk.

Kennslustundir voru 2 tímar á viku í 40 mínútur hjá öllum nema 6.-10. bekk, þar voru kennslustundirnar 3 tímar í viku í 40 mínútur.

Íþróttakennsla fór fram í íþróttahúsinu og var lögð áhersla á leiki, boltaíþróttir, styrktaræfingar, þol, snerpu og liðleika. Svana Hrönn Jóhannsdóttir kom og kynnti glímu.

Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir og Svanborg Guðbjörnsdóttir.

11. SKÝRSLA SUNDKENNARA

Samkensla var í 1.-3. bekk, alls 14 nemendur, í 3.-4. bekk, alls 12 nemendur, í 5.-6. bekk, alls 10 nemendur, og í 7.-10. bekk, alls 15 nemendur. Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir og Andrea Björnsdóttir. Kennslustundir voru 1 tími á viku í 40 mínútur.

11.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Kensla fór fram í Grettislaug og var stuðst við samræmd sundstig fyrir grunnskóla og námsáætlun unnin út frá þeim. Sýnikensla var á bakka eða kennari var ofan í laug.

11.2 NÁMSMAT

Nemendur fengu skriflegt námsmat á haustönn. Á vorönn var unnið út frá samræmdum sundstigum fyrir grunnskóla og einkunn unnin út frá þeim.

Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir og Andrea Björnsdóttir.

12. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, IÐJUPJÁLFUN

Veturinn 2016-2017 var þriðja starfsár teymis sérkennslumála við Reykhólaskóla. Í því sátu Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari og Sandra Rún Björnsdóttir iðjuþjálfari. Stöðuhlutfall þroskaþjálfara 90% og iðjuþjálfara 40%.

Skólastjóri er yfirmaður sérkennslumála við Reykhólaskóla og stjórnar fundum sérkennsluteymis, svo og öðrum fundum sem varða sérkennslumál, og heldur utan um fundargerðir. Sérkennsluteymi ber sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun innan skólans.

11.1 SÉRKENNSLUTEYMI

Sérkennsluteymi skólans vann saman að málefnum nemenda með fatlanir/raskanir. Sérkennsluteymið fundaði vikulega og ræddi málefni einstakra nemenda og þörf fyrir sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun.

Sérkennslugögn voru keypt og auk þess mikið búið til af öðru efni.

Að vori skilaði sérkennsluteymið af sér skriflegri samantekt/mati yfir þann stuðning sem hver nemandi hafði hlotið yfir skólaárið. Samantektin var prentuð út og barst foreldrum í hendur með einkunnaskírteini á skólaslitunum 29. maí 2017.

Sérkennsluteymið fundaði með umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum fatlaðra nemenda einu sinni í mánuði. Sömu leiðis fundaði teymið með foreldrum fatlaðra nemenda, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum. Skólastjóri og staðgengill skólastjóra funduðu með sérfræðingum skólans tvisvar sinnum yfir árið og sátu skilafundi með foreldrum og sérfræðingum. Vert er að upplýsa foreldra um að fjármagn til sérkennslumála fylgir einungis nemendum með greiningar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og BUGL og þurfa greiningarnar að uppfylla ákveðin viðmið. Önnur sérkennsla er greidd af sveitarfélaginu.

11.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA

Stuðningsúrræði við nemendur í grunnskóladeild veturinn 2016-2017 voru sérkennsla, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og stuðningur inni í samkennsluhópum. Andrea Björnsdóttir var í 90% stöðu þroskaþjálfara. Sandra Rún Björnsdóttir var í 40% stöðu iðjuþjálfara. Fjórir aðilar sinntu stuðningi inni í bekk, flestir í hlutastörfum, en það voru Indiana Svala Ólafsdóttir, Katla Sólborg Friðriksdóttir, Dís Sverrisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir.

11.3 GREININGAR

Nemendur með greiningar og/eða sem nutu þjónustu sérkennsluteymis voru 13 í grunnskóladeild eða 25% nemenda í grunnskóladeild.

Áætlaður fjöldi nemenda í leik- og grunnskóladeild með greiningar og/eða sem koma til með að njóta þjónustu sérkennsluteymis skólaárið 2017-2018 verður svipaður.

Sérkennslutímum og tímum hjá þroska- og iðjuþjálfara var skipt sem jafnast milli nemenda með sérkennsluþarfir og/eða eftir einstaklingsmiðaðri þörf hvers og eins vegna raskana.

Nemendur með frávik í námi fengu annað hvort skert eða aðlagð námsefni, þ.e. reynt var að koma til móts við þá á þann hátt að þeir gætu sem best fylgt bekkjarfélögum sínum eftir í einstaka námsgreinum. Stuðningsfulltrúar voru inni í bekkjardeildum til að aðstoða kennara og vera einstaka nemendum með námsfrávik og/eða fatlanir sérstakur stuðningur og/eða að styðja samkennsluhópina í heild.

Aðstoð við próftöku/verkefni var einnig í boði í öllum bekkjum. T.d. fólst aðstoðin í upplestri á prófi, skrifað var fyrir nemendur og/eða prófspurningar umorðaðar og útskýrðar upp að vissu marki. Slík próf taka nemendur í einrúmi ásamt stoðkennara/stuðningsfulltrúa og próftími er lengdur.

11.4 ÁBYRGÐ OG ÖNNUR VERKEFNI SÉRKENNSLUTEYMISS

Sérkennsluteymi bar sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun í skólanum. Jafnframt voru ýmis önnur verkefni í höndum þroska- og iðjuþjálfra eftir atvikum, svo sem að halda utan um greiningargögn í samráði við skólastjóra, halda utan um sérkennslustofu/sérkennslugögn í samráði við sérkennsluteymi og stuðningsfulltrúa, sjá um innkaup á sérkennslugögnum, funda með sérfræðingum við komu, sitja skilafundi með þeim og foreldrum, sjá um að skrá niðurstöður Tove Krogh teikniverkefnisins í 1. bekk og skila til foreldra, sérfræðings og skólastjóra, skila greiningargögnum til foreldra um leið og þau berast frá sérfræðingum og vera í sambandi og samstarfi við aðrar stofnanir, svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL og talmeinafræðinga eftir atvikum. Einnig fengu nemendur með námsfrávik aðstoð í samræmdum prófum. Þá hefur sérkennsluteymið aðstoðað við að lestrarprófa á annaskiptum. Þá situr Áslaug B. Guttormsdóttir nemendaverndarráðsfundi með skólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi og félagsmálafulltrúa. Aðstoð og upplýsingar til kennara og stuðningsfulltrúa eru hluti af starfssviði sérkennsluteymisins. Gerð einstaklingsnámskráa er í höndum umsjónarkennara með aðstoð og leiðsögn sérkennsluteymis, sem er unnin í samstarfi við foreldra og stuðningsfulltrúa eftir atvikum og að undangengnum fundi/fundum með hlutaðeigandi.

12.5 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR

Dyslexia/sértæk lestrarröskun er einn helsti vandi nemenda í grunnskóladeild og hefur megináhersla sérkennslunnar verið fólgin í lestrarþjálfun allt að 5 sinnum í viku í vetur, upp í 7. bekk. Nemendur lásu hjá þroskaþjálfra og iðjuþjálfra; með hljóðaaðferð og endurtekningar- og víxllestri. Allir nemendur eru í framför í þeim þáttum sem sérkennslan hefur beinst að, misjafnlega mikilli, sem fer eftir hömlun/röskun hvers og eins. Nemendahópurinn í heild sinni hefur tekið miklum framförum í lestri. Unnið var

með tvo nemendur með Davis –leiðréttingu eftir leiðbeiningum frá Guðrúnu J. Benediktsdóttur, lesblinduráðgjafa.

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari.

Sandra Rún Björnsdóttir, iðjuþjálfari.

13. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

Í vetur voru allir samkennsluhópar með 2 tíma á viku nema 8.-10.bekkur sem var í textíl eftir áramót.

Í textíl var skapandi vinna höfð að leiðarljósi, nemendum leiðbeint með ákveðin vinnubrögð, en fengu oft frjálsar hendur með verkefnaval.

Í vetur var sem fyrr lögð áhersla á endunýtingu á gömlu og notuðu efni. Nemendur fengu sem fyrr allnokkurt frjálst verkefnaval innan ákveðins ramma. Nemendur komu með hugmyndir sem oftast var hægt að koma til móts við, en það eykur að jafnaði sköpunargleði þeirra.

1. bekkur

- ✓ Teiknaði sjálfsmynd á striga og saumaði þræðispor í helstu útlínur
- ✓ Fingraprjónaði
- ✓ Frjáls hönnun úr efnisafgöngum
- ✓ Saumaði óskasteinapoka úr fílti
- ✓ Vélsaumur, framhlið á púða máluð með taulitum, saumuðu púðann saman með lítilli aðstoð.
- ✓ Vefur á grind.

2. bekkur

- ✓ Fíltfígúrirur
- ✓ Vefur með efnisræmur á grind
- ✓ Fingraprjón, frjáls hönnun
- ✓ Vélsaumsæfingar á blöð
- ✓ Fingrabrúður
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni
- ✓ Vélsaumur, framhlið á púða máluð með taulitum, saumuðu púðann saman með lítilli aðstoð.

3. bekkur

- ✓ Vélsaumsæfingar á blöð
- ✓ Framhlið á púða máluð með taulitum, púðinn saumaður saman.
- ✓ Furðuverur úr fílti
- ✓ Vefur á spjald
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni

4. bekkur

- ✓ Vélsaumur: Pennaveski með rennilás
- ✓ Bútsaumur, púði, tölur á baki.
- ✓ Garðaprjón
- ✓ Pókemen kubbar úr filti
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni

5. bekkur

- ✓ Vélsaumur, náttbuxur/stuttbuxur, bútsaums-púðaver,
- ✓ Einföld prjónaverkefni, svitabönd, eyrnabönd, dýr o.fl.
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni
- ✓ Pókemon kubbar og skrímli

6.-7. bekkur

- ✓ Vélsaumur, náttbuxur, barnaföt, íþróttabolir-HM hönnun, íþróttatoppar frjáls hönnun
- ✓ Einföld garðaprjónsverkefni
- ✓ Nemendur höfðu allnokkurt val um hönnun og útlit verkefna

✓ 8.-10. bekkur

- ✓ Vélsaumsverkefni, bolir, – púðahugmyndir af pinterst og víðar, að eigin vali
- ✓ Prjónaðir púðar, húfur og hárbönd,
- ✓ Hekl æfingar
- ✓ Nemendur höfðu mikið um val verkefna að segja.

Steinunn Rasmus, handmenntakennari.

14. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA

Nemendur í 1.-5. bekk fengu tónmenntakennslu í vetur, 1 tíma á viku.

1-3. bekk var kennt saman og 4-5. bekk kennt saman.

Í 4-5. bekk var fyrir áramót lögð áhersla á takt og nótur. Við það voru notaðar handbjöllur. Í 1-3. bekk var áhersla á söng og tjáningu. Þá voru sungin ýmis lög og hlustað á tónlist ásamt því að rýna í tilfinningarnar í lögnum. Í báðum hópunum var farið í framkomu og flutning á tónlist. Unnu þau ýmis lítil verkefni tengd því, meðal annars að flytja tónverk fyrir hvert annað á frjálsan skapandi hátt.

Eftir áramót var rætt um hljóðfæri, þau skoðuð og prófuð. Hlustað var á tónverk og rýnt hlutverk hljóðfæranna í verkinu. Prófað var að búa til litla útgáfu af gítar. Rætt var um tónlist hvað hún er og hvað gerir hana góða.

Hrefna Jónsdóttir og Bergþór Olivert Thorstensen, tónmenntakennari.

15. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

Myndmennt er kennd í 1.-10. bekk í 80 mínútur í senn. Samkennsluhópar skiptast þannig, að 1.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur og 8.-10. bekkur eru saman.

Myndmennt kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

15.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Þau eru útskýrð og nemendum kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda. Verkefnin eru oftast unnin sem einstaklingsverkefni en einnig eru gerð hópaverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Einnig er leitast við að nýta sér tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu.

15.2 NÁMSEFNI/GÖGN

Notast er við tölvur, m.a. við að afla upplýsinga um listamenn og verk þeirra og einnig til að finna myndir til að vinna eftir. Stuðst við kennslubækurnar Myndmennt 1 og 2, sem og listaverkabækur. Öllum verkefnum er safnað saman í eina möppu og þar eru bæði skissur og fullunnin verk.

15.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni og frumkvæði nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, myndmenntakennari.

16. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Samkennsluhópar í smíði voru þannig að 1.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. 1.-3. bekkur, 3.-4. bekkur og 8.-10. bekkur fengu smíði hálfan veturinn þ.e.a.s. bekkjunum var skipt í tvennt og hver hópur mætti aðra hverja viku í smíði á meðan hinn hópurinn fór í heimilisfræði. 5.-6. bekkur voru í smíði eftir áramót.

Smíði kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

16.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefnavinnu er þannig háttað að kennari leggur fyrir skylduverkefni þar sem nemandinn getur útfært og hannað verkefnið. Þegar skylduverkefninu er lokið velur nemandi sér verkefni. Verkefnin skiptast þannig í skyldu- og valverkefni. Verkefnum er skipt eftir getustigi nemenda, útskýrð eru kennslugögn, efni og áhöld og nemendur aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Farið er yfir heiti á verkfærum og öryggisatriði.

16.2 NÁMSEFNI

Stuðst er við kennslubækur í smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum sem og verkefnabrunna á vefnum.

16.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, smíðakennari.

17. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

Nemendur í Reykhólaskóla eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekkjar. Nemendur í 1.-5. bekk eru aðra hverja viku í heimilisfræði og á móti eru þeir í smíði. Nemendur í 6.-7. bekk eru hálfan veturinn í heimilisfræði. Nemendur í 8.-10. bekk eru aðra hvora viku. Ásta Sjöfn og Jóhanna Ösp sáu um að kenna nemendum í 1.-5. bekk fram að áramótum og Ása Fossdal sá um kennslu í 6.-10. bekk fram að áramótum. Eftir áramót tók Ása Fossdal við kennslu hjá 4. – 5. bekk og Bryndís Soffía sá um kennslu hjá 1. – 3. bekk.

17.1 KENNSLUÁÐFERÐIR

Verkefnum var hagað eftir getu nemenda hverju sinni. Áhersla hjá yngsta stigi var á almennt hreinlæti, að fara eftir einföldum fyrirmælum og öðlast færni í mælingum. Nemendur á miðstigi voru látnir elda einfaldar uppskriftir og tileinka sér helstu matreiðslu- og bökunaraðferðir. Lögð var áhersla á frágang í eldhúsi og að umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru. Nemendur á unglíngastigi fengu ögn flóknari uppskriftir og þurftu að leggja sig fram við að skipuleggja tímann sinn í eldhúsinu.

17.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

Stuðst var við kennslubækur í heimilisfræði frá Námsgagnastofnun og annað efni frá kennara. Námsmat var þannig, að verk nemenda voru metin til einkunna. Símat var í gangi allan veturinn. Einnig var tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í eldhúsi.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

18. LÍFSLEIKNI

Nemendur í 8.-10. bekk voru í lífsleikni fram að áramótum á móti handmennt. Einnig voru viðburðir þar sem allir í 8.-10. bekk voru saman, sem og tími bara fyrir stelpur og tími bara fyrir stráka þar sem rædd voru málefni sem hefðu geta talist viðkvæm í blönduðum hópi. Kennari var Jóhanna Ösp Einarsdóttir frá ágúst til byrjun nóvember. Eftir það tók Bergþór Óliver kennslunni fram að áramótum.

18.1 KENNSLUAÐFERÐIR

Verkefnin voru fjölbreytt og spönnuðu margskonar efni, en þar má helst nefna félagsfærni (ræðumennska, umræður, samtalstækni o.fl.), sjálfsmynd (hver er ég, og hvernig vil ég vera), tilfinningar, mannréttindi, kynfræðslu og margt margt fleira.

18.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

Námsefni var unnið úr Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk, ásamt kennslumyndböndunum „Fáðu Já“ og „Stattu með þér“. Að auki fann kennari efni, myndbönd og tilbúna fyrirlestra á internetinu.

Hver nemandi fékk umsögn um þátttöku í tímum fyrir áramót og aðra umsögn í lok vetrar.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri.

19. VAL

Fjórir kennarar sáu um val að þessu sinni og var það á miðvikudögum eftir hádegi. Kennarar í vali voru Rebekka Eiríksdóttir leiðbeinandi, Svanborg Guðbjörnsdóttir kennari, Steinunn Rasmus, kennari og Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómskundafulltrúi fram að áramótum og þá tók Bryndís Soffía Jónsdóttir, tómskundafulltrúi við. Einnig var leitað til annarra kennara til að vera með námskeið og gekk það mjög vel. Námskeiðin voru ýmist fjórar eða þrjár vikur og reynt var að hafa þau sem fjölbreyttust fyrir nemendur. Að meðaltali voru 10-15 nemendur á öllum aldursstigum í hverjum hópi.

- ✓ Loftskraut
- ✓ Hljóðvist
- ✓ Origami
- ✓ Forritun
- ✓ Hárgreiðsla
- ✓ Leiklist
- ✓ Gönguhópur
- ✓ Þjóðsögur
- ✓ Tölvur og raftónlist
- ✓ Gjafaöskjur
- ✓ Bókakynningar
- ✓ Vinabönd
- ✓ Badminton
- ✓ Legó
- ✓ Skólahreysti
- ✓ Tálga
- ✓ Kastgreinar
- ✓ Boltaleikir
- ✓ Frisbí golf
- ✓ Teiknimyndasögur
- ✓ Spili og sprell
- ✓ Spuni að kvikmynd

Valtímar hafa mælst vel fyrir hjá nemendum og er stefnt að því að vera með val næsta vetur fyrir 1. – 7. bekk og unglingadeild fer í áhugasviðsval.

20. FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA

Í Reykhólaskóla hefur myndast ákveðin hefð að fara í haustferðalag með nemendum grunnskólans. Eftir að skólarnir sameinuðust var ákveðið að prófa að fara með leikskólabörnin líka. Eftir að hafa reynt það var komist að þeirri niðurstöðu að það myndi ekki henta að fara með báðar deildir saman í haustferðalag.

Skólaferðalög hjá Reykhólaskóla eru í föstum skorðum og er passað upp á að allir fari í eins eða svipuð ferðalög.

Nemendur í 1.-4. bekk fara í dagsferð frá skólanum.

- ✓ 1. ár – farið í Strandabyggð (t.d. Þverárvirkjun, Galdrasafnið, Sauðfjársetrið, fjara)
- ✓ 2. ár – farið í Barmahlíð (t.d. farið í skóginn, fjara, Seljanes, Gamla-Sel)
- ✓ 3. ár – farið í Borgarlandið að Bjartmarssteini (t.d. góð gönguferð og grillað í fjörunni)
- ✓ 4. ár – farið í Dalina (t.d. Eiríksstaðir, MS Búðardal, sund á Laugum)

Nemendur í 5.-7. bekk fá að gista eina nótt.

- ✓ 1. ár – Snæfellsnes (t.d. sigling, Eldfjallasafnið, Bjarnarhöfn, Helgafell, Djúpalónssandur, Eldborg)
- ✓ 2. ár – Suðurland (t.d. Gullfoss og Geysir, Draugasafnið, Veiðisafnið, kynnisferð hjá Kjörís)
- ✓ 3. ár – Borgarfjörðurinn (t.d. Landnámssetrið í Borgarnesi, Reykholt, Hraunfossar, Grábrók, Paradísarlaut)

Nemendur í 8.-10. bekk fá að gista í 2 nætur.

- ✓ 1. ár – Skíðaferð norður (t.d. skíði, bíóferð, keila, söfn)
- ✓ 2. ár – Ævintýraferð (t.d. farið í Skagafjörðinn í River rafting o.fl.)
- ✓ 3. ár – Danmörk (t.d. hafa nemendur heimsótt danska skóla eða farið í skemmtiferð í Kaupmannahöfn þar sem nemendur fá að upplifa ýmislegt í fyrsta sinn)

Einnig fara nemendur í 8.-10. bekk á Smiðjuhelgar tvisvar sinnum yfir skólaárið, annað hvort á Varmalandi eða Kleppjárnsreykjum.

Aðrar ferðir eru síðan metnar hverju sinni. Skólaárið 2015-2016 var farið með nemendur í 4.-5. bekk á barnamenningarhátíð í Reykholti og nemendur í 6.-10. bekk í Háskóla unga fólksins í Búðardal.

20.1 HAUSTFERÐALAG

Farið var í haustferðalag inn að Réttarfossi í Gautsdal. Nemendur og starfsmenn keyru sem leið liggur að Gautsdal þar sem Gugga húsfreyja tók á móti okkur og fór yfir leiðna. Gengið var af stað og tekur gangan um 30-40 mínútur. Nemendur fóru strax í að leika sér og vaða í ánni. Nemendur fengu sér nestu og starfsmenn fóru í undirbúa að grilla pylsur og meðlæti fyrir mannskapinn. Nemendur fengu síðan að leika sér þegar matur var búin og áður en lagt var af stað. Þegar komið var heim í Gautsdal tók Gugga á móti okkur með ýmiskonar gúmelaði sem nemendur og starfsmenn gæddu sér á. Þegar komið var heim í Reykhólaskóla fóru nemendur í sund.

Dagurinn var hin besta skemmtun.

20.2 MIÐSTIGSLEIKAR Í BORGARNESI

Miðsigsleikar fyrir 5. – 7. bekk voru haldnir í Borgarnesi 1. september. Keppt var í frjálsum íþróttum og fótbolta og var góð þátttaka frá Reykhólaskóla. Þeir nemendur sem ekki tóku þátt í íþróttunum voru í skólanum. Skólabílstjóri og kennarar sáu um akstur, ávextir og samlokur fyrir hádesiverð komu frá skólanum.

20.3 LEIKSÝNING ELDBARNIÐ

Nemendur í 4. – 7. bekk var boðið á leiksýningu hjá Möguleikhúsinu á Hólmavík 3. október. Leikskýninginn fjallar um unga stúlku í Skaftáreldum. Starfsmenn sáu um akstur á nemendum.

20.4 SMÍÐJUHELGI

Síðastliðin tíu ár hefur nemendum í 8.-10. bekk staðið til boða að taka þátt í smíðjuhelgum með grunnskólum Borgarfjarðar. Í stað þess að taka einn val tíma í skólanum hafa nemendur farið þangað. Nemendum stendur ýmislegt til boða og má þar nefna matarsmíðju, stálsmíðju, björgunarsveitarsmíðju, handboltasmíðju, förðunarsmíðju o.fl.

Foreldrar hafa séð um aksturinn á milli og verið í gæslu. Fyrir áramót var smíðjuhelgin haldin á Kleppjárnsreykjum. Starfsmaður var Rebekka og foreldri í gæslu var Guðmundur Ólafsson. Þeir foreldrara sem sáu um akstur voru Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir og Egill Erlendsson. Eftir áramót var smíðjuhelgin á Varmalandi. Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir voru með gæslu. Foreldri í gæslu var Herdís Erna Matthíasdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sá um akstur á vegum foreldra. Til þess að smíðjuhelgar gangi upp er mikilvægt að foreldrar aðstoði við að keyra og sjá um gæslu.

20.5 FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK

Skólaferðalag 1.-4. bekkjar var 19. maí. Að þessu sinni var farið inn í Króksfjarðarnes. Farið frá skólanum kl 10 á 5 bílum starfsmanna og eitt foreldri fór með á bíl. Nemendum innan úr sveit var ekið af foreldri og líka sótt. Nemendur úr Gufudalssveit komu ýmist í veg fyrir skólabíl eða voru komin í skólann. Fengum við leiðsögn um skelvinnslna, lékum okkur í fjörunni, klifruðum í klettum og síðan var grillað. Vorum komin til baka um kl 15 Fengum gott veður og ég held að allir hafi skemmt sér vel.

20.6 FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK

Kennarar/starfsmenn sem fóru í ferðina með 5.-7. bekk voru Áslaug og Sandra Rún. Bílstjóri á rútu frá Sveini á Staðarfelli var Indiana Ólafsdóttir en hún aðstoðaði kennara einnig eftir föngum.

Föstudagur: Lagt var af stað frá Reykhólaskóla kl. 9 á föstudagsmorgun og ekið eins og leið lá suður í Mosfellssveit. Þar var stefnan tekin á Þingvelli og því næst var Dýragarðurinn í Slakka heimsóttur en auk ýmissa dýrategunda er þar mini-golfvöllur og púttvöllur innandyrna, ásamt fleiri leiktækjum. Næst skoðuðum við Geysi og að lokum Gullfoss áður en stefnan var tekin niður í Flóa, og gistum við í Flóaskóla. Þar grilluðum við hamborgara um kvöldið og gistum í góðu yfirlæti hjá Önnu Grétu f.v. skólasjóra Reykhólaskóla. Ýmis afþreying var á staðnum og allir ánægðir með móttökurnar og alla aðstöðu.

Laugardagur: Vaknað um kl. 8, morgunmatur og tiltekt. Stefnan var síðan tekin á Stokkseyri. Þar skoðuðum við Veiðisafnið kl. 11 og Draugasafnið kl. 12. Krökkunum fannst bæði söfnin afar spennandi og starfsfólk í ferðinni hafði sömu sögu að segja. Því næst var ekið í Mosfellsbæ og skelltum við okkur í sund í Lágafellslaug. Áður en lagt var af stað vestur borðuðum við á KFC. Þöntuðum við 3 fjölskyldutilboð; kjúkling, franskar, sósu og salat ásamt gosi. Þetta reyndist mátuleg máltíð fyrir hópinn. Að máltíð lokinni lögðum við af stað heimleiðis en stoppuðum örstutta stund í Borgarnesi og Búðardal. Veðrið var dásamlegt allan tímann og allir þreyttir og sælir þegar heim var komið.

Farangur: Svefnpokar, koddi og lak, náttföt, snyrtidót, sundföt og handklæði, skór til göngu og léttir aukaskór, góðar yfirhafnir, föt til skiptanna, vasapeningur 1500-2000 kr., vatnsbrúsi.

Nesti: 3 samlokur, 3-4 drykkir, kex/snúðar/muffins eða annað handhægt.

Ferðakostnaður sem féll á foreldra var 3.500 kr. Fyrir þennan pening versluðum við morgunmat, hamborgara og meðlæti í kvöldmat á föstudagskvöldinu, fórum á KFC og einnig var þessi peningur upp í aðgangseyri að Draugasafninu.

Reikningum og uppgjöri ferðar var skilað til Ástu Sjafnar skólastjóra mánudaginn 22. maí 2017. Áslaug, Sandra Rún og Indiana þakka nemendum kærlega fyrir skemmtilega ferð.

20.7 FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK

Ferðalag nemenda í 8.-10. bekk var að þessu sinni farin til Danmerkur. Tekin var sú ákvörðun á fundi að prófa að hafa haustferð í stað vorferðar sem hópefli fyrir veturinn.

Starfsmenn ferðarinnar voru: Jóhanna Ösp fyrir hönd tómstundastarfsins, Rebekka Eiríksdóttir fyrir hönd skólans og foreldrar vor: Ása Fossdal, Ingibjörg Smáradóttir, Eiríkur Kristjánsson og Guðmundur Ólafsson. Sem keyrðu mannskapinn til Keflavíkur á einkabílum.

Dagur 1:

Lagt var af stað frá Reykhólum eftir skóla 30. ágúst og komið út á Keflavíkurflugvöll um kl. 23. Farið var í loftið kl 01:00 eftir miðnætti og lent í Kaupmannahöfn kl. 6 að morgni 1. september og þá var haldið á gistiheimilið Loeven sem er staðsett í hjarta Kaupmannahafnar og er í göngufæri frá miðbænum.

Dagur 2:

Keyptur var strætó passí fyrsta daginn sem dugði í sólahring og var hann notaður til að komast í Dýragarðinn. Þegar krakkarnir höfðu fengið að leggja sig eftir ferðalag næturinnar fengu þau sér morgunmat og síðan var haldið í Dýragarðinn þar sem margt var skoðað en kl. 17:30 lokaði dýragarðurinn og þá var farið á Pizzastað þar sem borðaður var kvöldverður. Síðan var haldið á gistiheimilið þar sem allir voru fegnir að komast í ró eftir strembinn sólahring.

Dagur 3:

Morgunmatur kl. 9 og síðan var haldið í Tívolíð. Það var ódýrara að fara í Tívolí á föstudögum en um helgar og því var þessi dagur nýttur vel þar frá morgni til kvölds. Við vorum komin í Tívolíð kl. 10 og krakkarnir fengur passa þannig að þau gætu farið eins oft og þau vildu í hvaða tæki sem er. Krakkarnir höfðu fengið að nestu sig um morguninn og ákveðið var að Rebekka og Jóhanna myndu sækja kvöldmat á McDonalds. Í Tívolíinu hittumst við á tveggja tíma fresti við stóra sviðið og stóðst það alltaf nema í eitt skipti þá þurfti að leita að tveimur nemendum, en leitin gekk hratt og örugglega og fundust þau fljótt. Það var ekki leyfilegt fyrir nemendur að fara út úr tívolíinu. Þau fengu verkefni til að leysa til að stuðla að hópefli. Sem dæmi má nefna að þau áttu að fara öll saman í tæki. Fara ein í tæki með einhverjum sem þau töluðu ekki mikið við og komast að einhverju nýju um alla. Rebekka og Jóhanna komu svo með kvöldmat kl. 18:00. Haldið var heim kl 22:00 og það var alveg í seinasta lagi því það voru tónleikar í Tívoli þetta kvöld og töluverð ölvun. Síðan var komið við í seven eleven til að kaupa kvöld snarl og farið á gistiheimlið í spjall og notarlegheit.

Dagur 4.

Þessi dagur byrjaði á því að farið var á söfn. Þau voru Guinness og Believe it or not, H.C. Andersen safnið og horror safn. Öll þessi söfn eru á strikinu og fengu krakkarnir 2 tíma á milli safnanna í að kíkja í búðir á strikinu og njóta þess að vera til. Það var fyrirframákveðinn staður til að hittast á á klukkutíma fresti og það gekk mjög vel. Allir voru tímanlega mættir og það stóðst hjá öllum nemendum. Því næst var haldið niður á Nyhavn og farið í siglingu, þar var siglt og skoðaðir merkilegir staðir frá öðru sjónarhorni með leiðsögn.

Í kvöldmat var boðið upp á KFC og síðan haldið heim að sofa.

Dagur 5:

Hér fengu þau að sofa aðeins lengur því ferðalagið framundan var langt. En áður en dagurinn hófst þurfti að pakka öllu niður og setja farangur í geymslu í móttöku gistiheimilisins. Eins og hina dagana fengu þau morgunmat og máttu nota hann til að nestu sig. Því næst var keyptur strætópassi sem dugði næsta sólahringinn og farið í

verslunarmiðstöðina Fields. Þar fengu þau þrjá klukkutíma til að skoða og versla og voru að mestu frjálst þar.

Kl. 18.00 var farið aftur í miðbæinn og farið á Hard Rock til að fá síðustu Danmerkur máltíðina. Við höfðum komið við þar áður en við fórum í Fields og krakkarnir voru búnir að panta sér mat þannig að öll afgreiðsla gekk hratt og örugglega. Síðan var farið aftur á gistiheimilið og náð í farangurinn og farið út á flugvöll. Flugvélin lagði svo af stað aftur til Íslands kl. 22:30 og lent rétt fyrir miðnætti. Þá var keyrt aftur heim og fengu nemendur frí í skólanum daginn eftir.

Annað:

Hópurinn stóð sig mjög vel í ferðinni og voru þau mjög góð að passa upp á hvort annað. Þau voru meðvituð um að halda hópinn og passa að allir væru með. Það var lítið um hagsmunaárekstra í ferðinni og voru þau virkilega almennileg og góð hvort við annað.

Skiptar skoðanir eru á því hvort fara eigi í skólaferðalög að hausti eða vori en samkvæmt matsblöðum voru krakkarnir mjög ánægðir með ferðina og fannst mikilvægt að nýta haustin til að styrkja böndin milli einstaklinganna. Þó var mikið um að vera hjá þeim þetta haustið, fermingarbúðir, landsmót samfés, göngur o.fl. og þau náðu þar af leiðandi ekki að lenda almennilega fyrr en eftir lauga sem voru um miðjan október, því er hægt að segja að prógrammið hafi verið full stíft. Því væri spurning að fara um miðjan ágúst ef þetta verður aftur að hausti. Veðurfarslega skiptir ekki miklu máli hvort farið er að hausti eða vori. Einhverjir foreldrar voru mjög ánægðir með að ferðin væri að hausti en ekki vori en einhverjir kjósa frekar vorið. Það er því niðurstaða tólmstundafulltrúa að mikilvægt er að efla hópinn að hausti með einhversskonar ferð en svo vilja krakkarnir líka fara í vorferð. Því þarf að endurskoða fyrirkomulag með það næsta haust.

Einhverjir krakkra upplifðu mismunun varðandi fjárhag í ferðinni. Sumum fannst þeir sem voru með foreldra sína með í för njóta forréttinda og fá meiri pening en hinir. Reykhólaskóli var búinn að setja viðmið 50.000 krónur en er það mín skoðun að

skólinn eigi ekki að setja viðmið, að annaðhvort verði stíf regla þar sem kemur skírt fram hvað má taka mikið og ekki er leyfilegt að taka auka eða ekki skipta sér af því hvað krakkarnir taka mikið og setja það alfarið í hendur foreldra.

Máltíðir sem í boði voru voru morgunmatur alla dagna og kvöldmatur. Einnig máttu þau smyrja sér nesti fyrir daginn og taka með sér ávexti og einhverjir nýttu sér það á meðan aðrir vildu frekar eyða sínum peningum í að kaupa skyndibitamat. Ef þau eru skynsöm og sparsöm þá á að duga þeim að kaupa í mesta lagi eina máltíð á dag með þessu fyrirkomulagi.

Það fer mikið af tíma tómskundafulltrúa í fjáröflun fyrir skólaferðalög Reykhólaskóla og mikið af fjármunum félagsmiðstöðvar fara í að fjármagna ferðalög fyrir skólann og því minna svigrúm til að fara í aðrar ferðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar og erfiðara fyrir krakkana að safna sér fyrir einhverju sem þau vilja fjárfesta í fyrir félagsmiðstöðina. Því mætti athuga næsta haust að útnefna einn kennara sem sér um helming af fjáröflun á móti tómskundafulltrúa. Jafnvel hægt að hafa tómsundaferðalag að hausti og skólaferðalag að vori. Einnig fara margar félagsmiðstöðvar í árlegt skíðaferðalag sem gæti verið vert að skoða. Mikilvægt að skoða næsta haust.

21. FÉLAGSSTARF

Jóhanna Ösp Einarsdóttir sá um tómstundastarf hjá nemendum Reykhólaskóla. Tryggt var að allir fengju eitthvað við sitt hæfi. Í desember féll niður félagsstarf vegna þess að Jóhanna fór í fæðingarorlof. Eftir áramót kom Bryndís Soffía Jónsdóttir og sá um félagsstarfið fyrir krakkana.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

22. SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR

Börn á leikskólanum voru 19 talsins, níu strákar og 10 stelpur. Birgitta sem er leikskólakennari að mennt kom til starfa í ágúst og tók þá við af Sigrúnu sem deildarstjóri. Í leikskólanum starfa að jafnaði fimm starfsmenn í 4,5 stöðugildum.

22.1 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Leikskóladeildin Hólabær starfar samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið en Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla. Auk þess er lögð áhersla á að farið sé eftir því sem stendur í Barnasáttmálanum sem er samningur Sameinuðu þjóðanna (1989) en þar er fjallað um réttindi barna í sinni víðustu merkingu. Þar eru m.a. ákvæði um réttindi barna til menntunar, leiks og tjáningarfrelsis en einkunnarorð sáttmálans eru – umhyggja- vernd og þátttaka. Við leggjum einnig áhersu á að efla og styrkja alla þroskaþætti, að allir séu jafnir í leik og starfi og fái notið bernsku sinnar. Lagt er upp úr góðu samstarfi við foreldra og forráðamenn, en það er mikilvægur liður í því að börnunum líði vel.

22.2 DAGLEGT STARF

Dagurinn byrjar á samverustund en þar er farið yfir hvaða dagur er, starfainnlögn, unnið með bókina Lubbi finnur málbein og þjónn dagsins er valinn. Þjóninn gegnir því hlutverki að líta til veðurs og segja hinum börnunum hvernig veðrið er þann daginn, fer yfir hvaða föt á að klæða sig þegar farið er í útiveru og býður börnunum ávexti. Í samverustund og eins í hópastarfi var unnið með kennsluáðferð í stærðfræði sem kallst Numicon. Þessi aðferð byggist á ákveðnum verkfærum en það eru kubbar, talnabrautir, form og púsl sem notuð eru. Með þessu tengja börnin saman viðfangsefni stærðfræðinnar með sjónrænum og ápreifanlegum hætti.

Hópastarf, listasmiðja / málörvun og forlæsi.

Í hópastarfinu og listasmiðjunni var unnið út frá fyrirfram ákveðnum þemum yfir allt skólaárið. Þau þemu voru: Haustið, vinátta, sögur og ævintýri, tilraunir/vísindi og svo um

fuglana og nærumhverfið. Í hópastarfinu var stuðst við könnunaraðferðina en það er aðferð þar sem börnin fá að rannsaka og þróa sýna eigin þekkingu. Í listasmiðju unnu svo börnin út frá þemavinnunni hin ýmsu listaverk.

Útivera og hreyfing eru stór þáttur í starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að börnin læri að njóta útiverunnar, þau læri að klæða sig eftir veðri og öðlist færni í grófhreyfingum með því að vera úti. Farið er út á hverjum degi ef veður og aðstæður leyfa. Hvor deild, þ.e.a.s. yngri deildin og eldri deildin hefur aðgang að íþróttasal leikskólans einu sinni í viku og þegar veður er vont er salurinn nýttur til þess að koma á móts við hreyfiþörf barnanna. Föstudagar voru nýttir í vettvangsferðir, en þá var farið út af skólalóðinni og nærumhverfið skoðað. Markmiðið var að kynna börnunum það umhverfi sem þau búa í, en það er að okkar mati lykilinn að því að vekja áhuga þeirra á sjálfbærni.

Frjáls leikur

Börnin höfðu gott svigrúm til þess að njóta frjálsa leiksins. Með leik þá teljum reynslu barnsins endurspeglast. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns.

Val

Eftir síðdegishressinguna fóru börnin iðurlega í val, en val er sjónrænt skipulag þar sem leikefni og leiksvæði eru sýnileg. Börnin velja sér eitt ákveðið svæði til þess að leika sér á í fyrirfram ákveðinn tíma. Kennarinn stillir tímavaka á 15-20 mín. og þegar tímavakinn pípir þá skipta allir um leiksvæði. Með auknum aldri og þroska hafa börnin síðan meira um það að segja hvaða leikefni eru í boði á hverju svæði og einnig lengist leiktíminn smá saman.

Jóga, hvíld og læsi eftir hádegismatinn

Á eldri deildinni skiptum við börnunum upp í tvo hópa, rauði hópurinn og svo græni hópurinn. Þessir hópar fóru tvisvar sinnum í viku í jóga eftir hádegismatinn og á móti var lestrarstund fyrir hinn hópinn. Yngstu börnin fóru í hvíld eftir matinn.

22.3 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

Skólahópurinn vann að ýmsum verkefnum sem tengdust undirbúningi skólagöngu. Verkefnin voru fjölbreytt og var val á þeim miðað við þarfir hópsins hverju sinni. Skólahópurinn var með 1. - 3 bekk í leikfimi tvisvar í viku. Þegar skólaárið var komið vel af stað fékk skólahópurinn að koma í tíma hjá 1. - 3. bekk fjórum sinni í viku og féllu þá verkefnin innan leikskólans niður á mót. Leikskólinn hafði aðgang að skólaseli þegar ekki var starfsemi þar. 1. bekkur kom í heimsókn eftir hádegið á þriðjudögum. Eftir samverustund á þriðjudögum komu tveir nemendur af elsta stigi grunnskólans og lásu fyrir börnin í leikskólanum. Með öllu þessu samstarfi skapaðist góð samfella á milli allra skólastiga.

Birgitta Jónasdóttir, deildarstjóri.

23. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

Skólastjóri skilar inn skýrslum um stöðu skólamála á hverjum fundi sem mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps heldur. Þær eru birtar hér að neðan í tímaröð.

23.1 1. ÁGÚST TIL 1. DESEMBER 2016

ágúst

Starfsdagur leikskólans 12. ágúst

Undirbúningur fyrir komu nemenda í leikskólanum. Birgitta Jónasdóttir nýr deildarstjóri í leikskólanum hún tók við af Sigrúnu Kristjánsdóttur sem er í fæðingarorlofi. 18 börn eru í leikskólanum.

Skólasetning 22. ágúst

Skólasetning í skólanum fór fram 22. ágúst. Nýjir nemendur og nýir starfsmenn voru boðnir velkomnir. Það eru þau Hrefna Jónsdóttir leiðbeinandi í 1. – 3. bekk og Bergþór Thorsteinssen umsjónarmaður tölvuvers.

September

Miðstigsleikarnir 1. september.

Krakkarnir í 5. – 7. Bekk fóru á miðstigsleikana í Borgarnesi. Þar sem keppt var í fótbolta og frjálsum íþróttum. Kolfinna og Lóu íþróttakennarar fóru með krakkana og Vilberg sá um akstur.

Danmörk 1. - 5. september.

Unglingadeildin fór til í skólaferðalag til Danmerkur. Jóhanna Ösp og Rebekka fóru sem starfsmenn. Einnig voru með í för 5 foreldrar. Krakkarnir voru 15 talsins og var ferðin besta skemmtun.

Norraæna skólahlaupið 6. september.

Ákveðið var að endurvekja norræna skólahlaupið í Reykhólaskóla. Farnir voru 2,5 km, 5 km og 10 km og krakkarnir fóru svo í sund að hlaupinu loknu.

Þórgímur Þráinsson 12. september.

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur og starfsmaður í landsliðinu kom í heimsókn og var með fyrirlestur fyrir nemendur á miðstigi og unglindastigi.

Öfugsnúni dagurinn 21. september.

Hin árlegi öfugsnúni dagurinn þar sem flestir gleyma að klæða sig eða eru úthverfir.

Samræmd próf 22. - 23. september.

Samræmt próf hjá 7. bekk. Í fyrsta skipti sem prófið er gert rafrænt og gekk það áfallalaust í Reykhólaskóla.

Samræmd próf 29. - 30. september.

Samræmt próf hjá 4. bekk. Í fyrsta skipti sem prófið er gert rafrænt og gekk það áfallalaust í Reykhólaskóla.

Október

Leikskýningin Eldbarnið á Hólmavík 3. október.

Krökkunum í 4. – 7. bekk var boðið á leikskýningu hjá Möguleikhúsinu á Hólmavík. Leikritið fjallaði um unga stúlku í Skaftáreldum. Starfsmenn sáu akstur á nemendum.

Fjármálavit 13. Október.

Krakkarnir í unglingadeildinni fóru á námskeið í Hólmavík í fjármálum. Lóa fór með krakkana og Villi sá um akstur.

Laugar 17. – 21. október.

Nemendur í 9. Bekk fóru í skólabúðir á Laugum. Krakkarnir eru átta í 9. bekk og fór Jóhanna Ösp með sem starfsmaður.

Foreldraviðtöl 17. október.

Foreldraviðtöl voru í grunnskólanum. Nemendur voru boðaðir með börnum sínum og farið var yfir námslega stöðu hjá þeim. Foreldraviðtölum hjá nemendum í 9. bekk var frestað þangað til að þau koma frá Laugum.

Nóvember

Starfsdagur 3. nóvember.

Starfsdagur var hjá starfsmönnum og kennurum Reykhólaskóla. Vegna þess að stór hluti starfsmanna var á leiðinni til Brighton með kvenfélaginu.

Starfsdagurinn var því unnin helgina áður.

Smiðjuhelgi 11. – 12. mars.

Nemendur í unglingadeild fóru á Kleppjárnshelgi á Smiðjuhelgi. Rebekka fór sem starfsmaður og foreldra voru henni til að stoðar í gæslu og við akstur.

Desember

Fullveldiskaffi 2. desember.

Nemendur voru með atriði sem tengdist því sem þau eru að gera í skólanum. Stefnan er að draga aðeins úr hátíðinni og verður kallað Fullveldiskaffi hér eftir.

Jólafondur 8. desember.

Hið árlega jólafondur Reykhólaskóla var eftir hádegi. Unnið var á fimm stöðvum í 30 mínútur í senn.

Framkvæmdir og innkaup í leikskólann.

Enn eru eftir að klára framkvæmdir í leikskólanu. Þar hafa hinsvegar átt sér stað óvelkomnar framkvæmdir og má það nefna hjóðeinangrun á neðri hæðinni og litaval á salerni í kjallaranum. Keypt var inn ljósaborð í leikskólann.

Tæki og tól Reykhólaskóla.

Keyptar voru 3 tölvur inn á tölvuver og 2 fartölvur fyrir nýjan starfsmann og skólastjóra. Farið var í að tengja skjávarpana á efri hæð, þannig að það yrði aðgengilegt fyrir alla. Einnig var settur upp rafmagnsstokkur fyrir skrifstofu sérkennslu og handavinnustofu.

Héraðs- og skólabókasafn Reykhólahrepps.

Herdís Erna er umsjónarmaður bókasafnsins. Það er opið mánudaga frá 15:00 – 17:00, þriðjudaga frá 09:10 – 10:00 og miðvikudaga frá 10:00 – 10:40. Einnig er opið fyrsta miðvikudaginn í mánuði frá kl. 20:00 – 21:00. Nemendur skólans eru duglegir að notfæra sér safnið en íbúar hreppsins hafa ekki verið jafn duglegir.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
Skólastjóri

23.2 DESEMBER 2016 TIL 15. FEBRÚAR 2017

Desember

jólabíó fyrir 1. – 5. bekk. 13. desember

Sú hefð hefur verið í skólanum að nemendur horfa á jólabíó. Að þessu sinni var ákveðið að hafa ekki nemendur í 6. – 10. ekk þar sem upp hefur komið hjá þeim óánægja með myndarval og einnig hefur verið sýnd jólamynd í tómsundarstarfinu.

Jólafondur foreldrafélagsins 15. desember

Hið árlega jólafondur foreldrafélagsins var haldið strax eftir skóla. Vel var sótt af foreldrum og nemendum þar sem útbúin voru jólakerti og piparkökur skreyttar.

Litlu jólin 20. desember

Litlu jólin í grunnskóladeild og jafnframt síðasti dagurinn fyrir jólafrí. Nemendur mættu kl. 09:00 þrúðbúnir og fallegir. Byrjað var á því að ganga í kringum jólatré, þar sem nemendur í leikskóladeild tóku virkan þátt. Jólasveinarnir mættu á svæðið og gengu í kringum jólatréð. Steinunn sá um spilamenskuna og Áslaug sá um að leiða sönginn. Að því loknu fóru nemendur inn í stofunarsína þar sem umsjónarkennarar voru búnir að útbúa dagskrá fyrir þá. Jólasveinarnir komu inn í stofunna og gáfu mandarínur og afhentu jólakortin. Hádegisverður var kl. 11:30, þar sem boðið var upp á hangikjöt og tilheyrandi, jólaöl og ís. Einnig var dregið um möndlugjöf á hverju borði.

Jólafrí grunnskóladeildar er frá 21. desember – 4. janúar.

Opnunartími leikskólans um hátíðirnar.

Ákveðið var að hafa leikskólann lokaðan á þorláksmessu. Foreldrar leikskólabarna voru spurðir hvernig þau hefðu hugsað sér að nýta leikskólann um hátíðirnar og var niðurstaðin sú að enginn ætlaði að notfæra sér hann og því var leikskólinn lokaður 27. – 30. desember. Starfsmenn mættu fimmtudaginn 29. Desember og tóku starfsdag.

Janúar 2017

Opnun eftir jólafrí

Starfsmenn leikskólans voru með starfsdag 2. janúar og leikskóli opnaði síðan 3. janúar. Starfsmenn grunnskólans voru með starfsdag 3. janúar og skóli hófs 4. Janúar.

Það hefur fjölgað í skólanum okkar en það bættust við einn nemandi í 6. bekk, einn nemandi í 9. bekk og eitt barn í leikskólann. Nú eru nemendur í grunnskóladeild 51 og í leikskóladeild 19, samtals 70 nemendur.

Starfsmannamál

Það urðu einnig breytingar í starfsmannamálu. Ákveðið var að Bergþór myndi fara sem kennari upp í unglingsdeild þar sem nýji nemandinn þarf á miklum stuðningi að halda. Bryndís Soffía nýr tólmstundafulltrúi mætti til starfa. Hún tekur að sér 6 kennslustundir og er í 50 prósent stuðningi inn í 1. – 3. bekk. Rebekka bætti við sig 7 kennslustundum á viku. Hrefna fór í veikindarleyfi 21. janúar vegna tilvonandi fjölgunar.

Námsmatskil 11. janúar

Kennarar skiluðu inn námsmati fyrir nemendur sína og var foreldrum sendur afraksturinn.

Reykir 23. – 27. janúar.

Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðir á Reykjum. Krakkarnir eru sex í 7. bekk og fór Inda með sem starfsmaður. Inda sá um akstur ásamt Ástu Sjöfn. Nemendur voru til fyrirmyndar.

Námskeið í janúar og febrúar

Andrea og Einar fóru á námskeið hjá grunnnámskeið um einhverfu hjá greiningarstöðinni 31. janúar.

Haldið var námskeið fyrir starfsmenn Reykhólaskóla og Barmahlíðar um sorg og sorgarviðbrögð. Námskeiðið var 1. og 2. febrúar og kennari var Hildur Björk Hörðudóttir.

Þrjú kennara eru á nýsköpunarnámskeiði hjá fræðslumiðstöð Vesturlands.

Námskeiðið er kennt í lotum og er samtals 5 skipti. Kennarar láta mjög vel af námskeiðinu.

Góðar gjafir

Þörungarverksmiðjan kom færandi hendi til nemenda Reykhólaskóla. Allir nemendur fengu sérmerkt endurskinsvesti, einnig fengu starfsmenn merkt vesti.

Frábær gjöf frá Þörungarverksmiðjunni.

Framkvæmdir og innkaup í leikskólann.

Enn eru eftir að klára framkvæmdir í leikskólanu. Samkvæmt samtali umsjónarmanns og skólastjóra á að fara í loftaplötturnar í páskavíkinni. Þá er minnsta raskið fyrir leikskólans vegna fámennis.

Framkvæmdir og innkaup í grunnskólanum

Búið er að kaupa ný borð og borðplötur fyrir matsalinn. Það var bætt inn í stólum sem upp á vantaði. Einnig voru gardínur í matsal teknar niður og nýjar rúllugardínur settar upp í staðinn. Einnig voru settar upp rúllugardínur fyrir textíl/myndmenntastofuna, skrifstofur og kennarastofu.

Tæki og tól Reykhólaskóla.

Keyptar voru 3 tölvur inn á tölvuver og 2 fartölvur fyrir nýjan starfsmann og skólastjóra. Farið var í að tengja skjávarpana á efri hæð, þannig að það yrði aðgengilegt fyrir alla. Einnig var settur upp rafmagnsstokkur fyrir skrifstofu sérkennslu og handavinnustofu.

Héraðs- og skólabókasafn Reykhólahrepps.

Búið er að kaupa ný borð fyrir bókasafnið og er verið að sverma fyrir fleiri stólum (þeir eru til á skrifstofu Reykhólahrepps). Búið er að kaupa skjávarpa sem verður settur upp inn á bókasafni. Hann er ekki enn komin en á næstu dögum reiknum við með.

Hvað er framundan

- Könnun ungs fólks 2017. Nemendur í 5. – 7. bekk 9. Febrúar.
- Starfsdagur kennara 20. febrúar.
- Foreldraviðtöl 22. febrúar.
- Samræmd próf hjá 9. og 10. bekk 7. – 9. mars.
- Smiðjuhelgi 17. – 18. mars.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
Skólastjóri

23.3 FEBRÚAR TIL JÚNÍ

Febrúar

Námskeið fyrir starfsmenn Reykhólahrepps

1. og 2. febrúar var haldið námskeið í Reykhólaskóla um sorg og sorgarviðbrögð. Allir starfsmenn mættu á námskeiðið og var það mjög áhugavert. Hildur Björk Hörpudóttir var kennari á námskeiðinu. Nauðsynlegt er fyrir skólann að gera sér viðbragðsáætlun fyrir sorg og sorgarviðbrögð.

Dagur leikskólans

Þann 6. febrúar er dagur leikskólans. Leikskóinn var opin og stóð foreldrum til boða að koma í heimsókn í skólann.

Starfsdagur

Þann 20. febrúar var starfsdagur í grunnskóladeild. Kennarar unnu að sínum verkefnum og undirbjuggu foreldraviðtöl.

Mömmu og ömmukaffi

Sú hefð hefur skapast að bjóða mömmum og ömmum í kaffi eftir konudaginn. Þeim var boðið í heimsókn 21. Febrúar í hafragraut og slátur. Ágætlega var mætt en enn eiga pabbar og afar vinninginn.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru í grunnskóladeild 22. Febrúar. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Í október þá koma foreldrar og nemendur og í febrúar þá koma bara foreldrar nema annað sé óskað eftir. Mæting var nokkuð góð. Mikilvægt er að allir sjái sér fært að mæta í viðtal.

Bollukaffi

Bolludagur hefur síðastliðin ár komið upp á starfsdegi en ekki núna. Nemendum var boðið upp á bollur. Fyrirkomulagið var þannig að þau komu um 14:30 og fengu sér mjólk og bollu í boði skólans.

Mars

Öskudagur

Foreldrarfélagið sá um öskudagsskemmtun 1. mars fyrir börnin í Reykhólaskóla og hófst hún kl. 15:00. Nemendur hafa séð um að útbúa og selja veitingar. Nemendur í leikskólanum mæta í búningnum sínum og fá að slá köttinn úr tunnunni í leikskólanum. Foreldrar geta sótt börnin sín til að fara á skemmtunina. Starfsmenn leikskólans sjá ekki um það. Nemendur grunnskólans hafa ekki komið í búning í skólann. Þau fá hinsvegar síðasta tímann til að undirbúa sig og eru foreldrar hvattir til að koma og aðstoða börnin sín. Aðeins hefur verið talað um að gera meira úr deginum og leyfa nemendum að koma í búningum.

Samræmd próf

Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í samræmd próf 7. – 10. mars. Fyrirkomulagið var þannig að nemendum var skipt upp í tvo hópa og tóku prófin á tveimur dögum. Íslensku og hálf t ensku próf fyrri daginn og stærðfræði og hálf t ensku póf. Bergþór sá um tæknimálin og yfirsetu.

Sérfræðingarnir

Sérfræðingarnir okkar komu 16. mars og hittu nemendur. Verið er að vinna í greiningarmálum og sérkennslumálum með Tröppu.

Smiðjuhelgi.

Nemendur í 8. – 10. bekk fóru á smiðjuhelgi á Varmalandi 17. – 18. mars. Nemendum stóð til boða að fara í stálsmíði, björgunarsveit, matarsmiðju, förðun, street dance og ty die. Tveir starfsmenn fóru með nemendum en það voru Kolfinna Ýr og Rebekka. Herdís og Ásta Sjöfn fóru sem foreldri í gæslu.

Danskensla

Jón Pétur danskennari kom og kenndi börnunum frá 20. – 24. mars. Að undanskildum fimmtudeginum 23. mars. Nemendur í grunnskóladeild fara allir í danskenslu þeim að kostnaðarlausu. Nemendum í tveimur elstu árgöngunum stendur til boða að fara í dans og greiða þeir 4500 kr. Danssýning var síðan á föstudeginum og tóku foreldrar og börn fullan þátt.

Stóra upplestarkeppnin

Krakkarnir í 7. bekk taka þátt í stóru upplestarkeppninni. Að þessu sinni var hún haldin í Reykhólaskóla 30. mars. Það voru 9 nemendur sem tóku þátt og þar af voru 6 nemendur frá Reykhólaskóla. Niðurstöðurnar voru þær að Sara Dögg frá Reykhólaskóla var í 1. sæti, Halldóra frá Drangnesi var í 2. sæti og Adrian frá Reykhólaskóla var í 3.sæti. Dómarar voru Jón Hjartarson frá Röddum, Sveinn Ragnarson umsjónarmaður Reykhólavefsins og María Játvarðardóttir

félagsmálastjóri Reykhólahrepps. Að lokinni keppni var keppendum og öðrum gestum boðið í kjúklingasúpu.

Apríl

Þemavika

Þemavika var haldin fyrir árshátíð, 30. mars – 5. apríl. Ákveðið var þemað heimurinn. Fyrirkomulagið var á þann hátt að skólahóparnir völdu eitt land til þess að vera með leikþátt og bás á sýningunni. Eftir hádegi fengu nemendur að velja um 7 lönd sem þeim langaði til að kynna. Verkefnið var mjög skemmtilegt og áhugavert. Allir voru mjög sáttir og stóðu starfsmenn sig frábærlega.

Árshátíð

Árshátíð Reykhólaskóla var haldin fimmtudaginn 6. apríl. Nemendur sýndu afraksturinn frá þemavikunni og voru með kynningar á löndunum sínum.

Starfsdagur/Tröppuvinna

Kennarar og sveitarfélag áttu að skila álitum á bókun 1 í kjarasamningum kennara. Til þess að vinna þessa vinnu var fengin Krístrún frá Tröppu til að aðstoða. Fyrir hádegi var farið í hópavinnu og eftir hádegi var rætt um hvernig við gætum gert betur í skólafélaginu. Mjög áhugaverð og skemmtileg vinna.

Páskafri

Páskafri var frá 10. – 17. apríl. Leikskólinn var opin virku dagana.

Maí

Erindi.is

Upp hafði komið eineltismál í unglingsdeildinni. Ákveðið var að fá utankomandi aðila til þess að aðstoða okkur. Kristín Lillendahl kom og hitti nemendur, foreldra og starfsmenn. Fyrirlestarnir voru mjög áhugaverðir og vonandi verður hægt að fá hana aftur að hausti.

Leikskýning

Hallveig Thorlasíus ásamt föruneysi kom og var með leiksýningu fyrir nemendur í 1. – 5. bekk. Þetta var brúðusýning sem fjallaði um ofbeldi á börnum og hversu mikilvægt væri að segja frá. María Játvarðardóttir félagsmálastjóri kom á sýninguna.

Síðasti skóladagurinn

Síðasti skóladagurinn 18. maí var með öðru sniði eins og vanalega. Haldnir voru fjölgreindarleikar. Þar sem nemendur prófuðu 11 mismunandi verkefni. Að leikunum loknum borðuðu allir saman (við söknuðum grillsins). Skóla lauk síðan kl. 13:00

Ferðalög nemenda

Skólaferðalög hafa verði í föstum skoðum í Reykhólaskóla.

Nemendur í 1. – 4. bekk fóru í Króksfjarðarnes. Farið var í göngu, skoðað kræklingavinnslan og grillaðar pulsar. Starfsmenn og foreldrar sáu um akstur.

Nemendur í 5. – 7. bekk fóru á Suðurlandið. Þau skoðuðu Gullfoss, Geysir, Þingvelli og fóru á söfn. Gist var í Flóaskóla og Inda sáu um akstur á rútu frá Sveini á Staðarfelli. Nemendur greiddu sjálfir 3500 krónur, Nemendafélagið lagði til 30 þúsund krónur og sveitarfélagið greiðir aksturinn og laun starfsmanna

Nemendur í 8. – 10. bekk voru búin að fara í sitt formlega skólaferðalag til Danmerkur. Foreldrar ákváðu að bæta úr því og fóru með hópinn á Hreðavatn og gistu eina nótt.

Aðeins kom ósættir vegna akstur á börnum til og frá í skólaferðalag. Mikilvægt er til þess að ferðalög nemenda gangi upp er að fá foreldra til að taka þátt. Við erum mjög stolt af fyrirkomulagi á ferðalögum hjá okkur og teljum að nemendur fái verulega mikið út úr þessum ferðum.

Starfsdagur

Kennarar og starfsmenn voru í frágangi á skólanum.

Útskrift

Útskriftin var 29. maí og voru 3 nemendur í 10. bekk útskrifaðir og 3 í leikskólahóp. Ákveðið var að sleppa sýningunni í grunnskólanum og leyfa nemendum að fara heim með munina sína strax. Sýning var á verkum nemenda í leikskólanum. Boðið var upp á kaffi, kleinur og ástarpunga á eftir athöfn.

Annað

Námskeið í febrúar - maí

Haldið var námskeið fyrir starfsmenn Reykhólaskóla og Barmahlíðar um sorg og sorgarviðbrögð. Námskeiðið var 1. og 2. febrúar og kennari var Hildur Björk Hörðudóttir.

Prír kennara eru á nýsköpunarnámskeiði hjá fræðslumiðstöð Vesturlands.

Námskeiðið er kennt í lotum og er samtals 5 skipti. Kennarar láta mjög vel af námskeiðinu.

Ásta Sjöfn og Andrea fóru á námskeið hjá TMF í tölvur og lesgerflar og hvernig er best að nota þá.

Starfsmenn leikskólans fóru á námskeið um Lubba og málbeinið á Hólmavík.

Lóa og Kolfinna fóru á námskeið í heilsueflandi samfélag á Ísafirði

Fyrirlestur á vegum Tröppu

Fyrirlestur á vegum erindi.is

Góðar gjafir

Lionsklúbburinn gaf leikskólanum bananaborð fyrir leikskólann að andvirði 100 þúsund.

Pörungarverksmiðjan gaf leikskólanum 45 þúsund til þess að kaupa leikföng á leikskólann

Kvenfélagið Katla gaf leikskólanum Lubba pakkann að andvirði 80 þúsund.

Vísindasmiðjan gaf Reykhólaskóla, tilraunasett með rafmagni og ljósi

Kiwanis gaf nemendum í 1. bekk reiðhjólaljálma

Skátarnir gáfu nemendum í 2. bekk íslenska fánann.

Framkvæmdir og innkaup í leikskólann.

Búið er að kaupa 10 nýja stóla í leikskólann.

Loft í neðri hæð var lagað og er það mikill munur fyrir nemendur og starfsmenn.

Ýmislegt smálegt þarf að laga í skólanum sjálfum. Leikskólalóðin þarf að vera í forgang.

Starfsmannamál

Breytingar eru á starfsmannamálum í Reykhólaskóla. Einar hefur sagt starfi sínu lausu og hættir 1. ágúst. Katla Sólborg var flutt í starfi og fer í leikskólann. Sigrún Kristjánsdóttir mun taka að sér sérkennslu með nemanda í leikskólanum þegar hún kemur úr færðingarorlofi.

Ásta Sjöfn hættir sem skólastjóri og mun nýr taka við keflinu. Hún var flutt til í starfi og verður kennari. Kolfinna og Svanborg lækkuðu kennsluskylduna sína í 80% og Áslaug fór í árs launalaust leyfi.

Í skólann vantar eina kennarastöðu og hugsanlega tvo stuðningsfulltrúa.

Framkvæmdir og innkaup í grunnskólanum

Ýmislegt smávægilegt þarf að klára í skólanum og verður það vonandi gert sem fyrst

Tæki og tól Reykhólaskóla.

Skólastjóri stefnir að því að kaupa nýja tölvur.

Héraðs- og skólabókasafn Reykhólahrepps.

Búið er að kaupa ný borð fyrir bókasafnið og er verið að sverma fyrir fleiri stólum (þeir eru til á skrifstofu Reykhólahrepps). Búið er að kaupa skjávarpa sem verður settur upp inn á bókasafni. Hann er ekki enn komin en á næstu dögum reiknum við með.

Hvað er framundan

- Ráðning kennara og stuðningsfulltrúa
- SUMARFRÍ

24. ÞRÓUNARVERKEFNI

„Skólar á grænni grein“ er alþjóðlegt verkefni með það markmið að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast „á græna grein“ í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem tíunduð eru hér að neðan. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Ekki hefur náðst að vinna í grænfánaverkefninu þennan vetur, en markið er sett á að vera duglegri næsta haust. Vonandi náum við að flagga næsta vor.

Reykhólaskóli fékk styrk frá Sambandi Íslenskra sveitafélaga fyrri skólaárið 2017 – 2018 upp á 450 þúsund til að efla kennslu í náttúrufræði og efla læsi.

25. STUNDASKRÁR

Hér að neðan birtast stundaskrár allra bekkja og hópa skólaárið 2016-2017.

25.1 STUNDASKRÁ 1. 2. OG 3. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Umsjón SÓR	Myndmennt RE	Umsjón SOR
09:10-09:50	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Umsjón SÓR	Myndmennt RE	Umsjón SOR
10:00-10:40	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR/TölvurBSJ	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Enska BSJ
11:00-11:40	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Smíði RE/Heim BSJ	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR
11:40-12:20	Íþróttir KÝI	Tónmennt BOT	Smíði RE/Heim BSJ	Umsjón SÓR	Skólasef
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Skólasef	Sund KÝI	Val	Námsver	
13:30-14:10	Textíl SÓR	Skólasef	Skólasef	Íþróttir SG	
14:20-15:00	Textíl SÓR	Skólasef	Skólasef	Heimanám	

25.2 STUNDASKRÁ 4. OG 5. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón KÝI	Samf.fr. SG	Myndmennt RE	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI
09:10-09:50	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Myndmennt RE	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI
10:00-10:40	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI/tölvurRE	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI
11:00-11:40	Samf.fr. SG	Sund KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Samf.fr. SG
11:40-12:20	Enska ÁBG	Skólasef	Umsjón KÝI	Íþróttir SG	Skólasef/enska 5
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Íþróttir KYI	Tónmennt BOT	Val	Námsver	
13:30-14:10	Skólasef	Smíði RE/Heim ÁF	Skólasef /nátt 5 KÝI	Textíl SÓR	
14:20-15:00	Heimanám	Smíði RE/Heim ÁF	Heimanám	Textíl SÓR	

25.3 STUNDASKRÁ 6. OG 7. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG	Myndmennt RE
09:10-09:50	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG	Íþróttir SG	Umsjón ÁBG	Myndmennt RE
10:00-10:40	Enska ÁBG	Enska ÁBG	Sam.fr. RE	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG
11:00-11:40	Náttúrfr. BOT	Umsjón ÁBG	Náttúrfr. BOT	Íþróttir SG	Umsjón ÁBG
11:40-12:20	Textíl SÓR	Umsjón ÁBG/tölvur	Heimanám	Sam.fr. RE	Sam.fr. RE
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Textíl SÓR	Sam.fr. RE	Val	Námsver	
13:30-14:10	Íþróttir KÝI	Sund KÝI	Enska ÁBG	Smíði RE/Heim ÁF	
14:20-15:00	Bekkjartími	Náttúrfr. BOT	Danska ÁBG	Smíði RE/Heim ÁF	

25.4 STUNDASKRÁ 8. TIL 10. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Íslenska SG/BOT	Náttfr. KÝI/BOT	Íþróttir SG	Íslenska SG/BOT	Enska ÁBG/BOT
09:10-09:50	Íslenska SG/BOT	Íslenska SG/BOT	Náttfr. KÝI/BOT	Stærfr. SG/BOT	Stærfr. SG/BOT
10:00-10:40	Stærfr. SG/BOT	Stærfr. SG/BOT	Danska ÁBG/BOT	Tölvur BOT	Myndmennt RE
11:00-11:40	Íþróttir KÝI	Stærfr. SG/BOT	Samf.fr. SG	Danska ÁBG/BOT	Myndmennt RE
11:40-12:20	Samf.fr. SG	Sund KÝI	Enska ÁBG/BOT	Náttfr. KÝI/BOT	Íslenska SG/BOT
12:20-12:50	M	A	T	U	R
12:50-13:30	Danska ÁBG/BOT	Samf.fr. SG	Val	Námsver	
13:30-14:10	Enska ÁBG/BOT	Lífsl JÖE/Textíl SÓR	Smíði RE/heim ÁF	Enska ÁBG/BOT	
14:20-15:00	Bekkjartími	Lífsl JÖE/Textíl SÓR	Smíði RE/heim ÁF	Íþróttir SG	

26. NIÐURSTÖÐUR

Skólaárið 2016 – 2017 var áhugavert og fjölbreytt. Skólastarfið gekk nokkuð áfallalaust þó upp hafi komið einstök mál sem reynt var að leysa jafnóðum. Nemendum fjölgaði um áramótin og þá var gripið á það ráð að vera með tvo kennara í unglingadeildinni. Gekk það mjög vel og verður áfram næsta vetur. Nýir starfsmenn komu til starfa en það voru þau Hrefna Jónsdóttir, Bergþór Oliver Thorsteinsson og Bryndís Soffía Jónsdóttir sem eru frábær viðbót.

Nýr deildarstjóri tók við keflinu í leikskólanum, Birgitta Jónasdóttir. Starfið í leikskólanum gekk vel og voru nemendur 19 talsins og í lok skólaárs komu tveir nemendur sem eru utan sveitarfélags og voru í skólanum. Hægt er að gera það á meðan næganlegt starfsfólk er í skólanum.

Reynt var að hafa uppbrotsdaga í skólanum og má þar nefna fjölgreindarleikana sem komu sérstaklega vel út. Nemendur og starfsmenn skemmtu sér konunglega.

Breytingar verða á starfsmannahópnum næsta vetur.